

Fundargerð

| | |
|---------------------|---|
| Fundarefni: | Stjórnarfundur foreldrafélags Álfhólsskóla |
| Dags.: | 9. janúar 2014 |
| Fundarmenn: | Guðni Björnsson, Sigurður Grétarsson, Karl Einarsson Hörður Sigurðsson, Íris Lena Leósdóttir, Hólmfríður Einarsdóttir og Berglind Svavarsdóttir |
| Fjarverandi: | Lárus Axel Sigurjónsson, |
| Ritað af: | Berglind Svavarsdóttir |

Guðni setti fundinn kl. 19.30

1. Fundargerð.

Fundargerð síðasta fundar borin undir fundinn og samþykkt.

2. Félagsgjöld

Karl upplýsir að greiðslur félagsgjalda vegna næstliðins árs séu enn að berast. Ákveðið að senda út greiðsluseðla vegna félagsgjalda þessa árs í upphafi næsta mánaðar.

3. Þýðing á foreldrabæklingum

Donata Bukowska sér um að þýða á pólsku bæklinga frá Heimili og skóla um foreldrasáttmálann. Verkefnið er samstarfsverkefni FFÁ, Álfhólsskóla og Heimilis og skóla.

4. Fulltrúaráðsfundur 21. janúar.

Umræður um fulltrúaráðsfund sem fyrirhugaður er þann 21. janúar s.l. Stefnt er að því að hafa þema um bekkjaranda og líðan barnanna í bekkjunum og fá erindi frá skólasálfræðingi og námsráðgjafa þar að lútandi. Einnig rætt um að fá upplýsingar og erindi frá íþróttakennurum og forsvarsmanni félagsmiðstöðvarinnar.

5. Dagatal, verkefni vorannar.

Formaður leggur fram yfirlit yfir dagatal FFÁ vegna næsta árs. Umræður og vangaveltur um dagsetningar. Stefnt er að því að klára dagatalið í lok næstu viku. Nokkur atriði voru rædd:

- Alþjóðdagur FFÁ verði 15. febrúar, stefnt að því að búa til undirbúningshóp með fulltrúum frá 5 þjóðum.
- Foreldrafræðsla FFÁ verði 24. mars um samskipti barna og foreldra.

6. Nefndir og ráð.

Farið yfir nefndir félagsins. Einn varafulltrúa í Skólaráðið vantaði, Hörður Sigurðsson varð fyrir valinu. Vinafjölskyldunefnd er að hittast í næstu viku.

7. Önnur mál

- Farið yfir helstu verkefni Skólaráðs.
- Jólakort FFÁ var sent út fyrir jóla á alla foreldra.

Guðni sleit fundi kl. 21.30